

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar).

Flm.: Lilja Rafney Magnúsdóttir.

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádragn hlutfalli af magni hverrar tegundar sem skal vera 10,3% í uppsjávarfiski og 5,3% í öðrum tegundum og aflamagni skv. 10. gr. b.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra skal tryggja 48 daga ár hvert til strandveiða, 12 daga í mánuði tímabilið maí–ágúst.

Hafi ráðherra fullnýtt heimildir innan 5,3% kerfisins fyrir árið 2022, sbr. 3. mgr. 8. gr. laganna, er ráðherra heimilt að flytja til strandveiða allt að 30% af þorskveiðiheimildum almenna byggðakvótakerfisins, sbr. 10. gr. laganna, auk skel- og rækjuuppþóta fiskveiðiársins 2022/2023, sbr. 11. gr. laganna.

Ráðherra skal tryggja að flutningsheimild, sbr. 2. mgr., skerði ekki veiðiheimildir dagróðrabáta, sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn, innan þessara flokka.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.


Frumvarp þetta er endurflutt. Nýmæli er þó frá frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi 2020–2021 (855. mál) að lagt er til að heimildir sem dregnar eru frá leyfilegum heildarafla hverrar tegundar verði aðskildar. Frádráttur á úthlutuðu aflamarki til uppsjávarskipa verði 10,3% í stað 5,3% eins og verið hefur. Þetta er gert til að tryggja enn frekar aðgerðir til eflingar sjávarbyggða, þ.m.t. línuviltun og strandveiðar og útgerð dagróðrabáta.

Frumvarpi þessu er ætlað að tryggja strandveiðar í 48 veiðidaga frá og með árinu 2022 með auknum sveigjanleika í viðmiðunarafla til strandveiða. Er þessari aðgerð fyrst og fremst ætlað að efla sjávarbyggðir um land allt, auka framboð á fiski frá dagróðrabátum og vinna gegn atvinnuleysi í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru sem hefur bitnað á vinnandi fólki hringinn í kringum landið.

Strandveiðar hafa verið stundaðar frá 30. júní 2009. Frá árinu 2010 hafa veiðar verið heimilaðar árlega í fjóra mánuði frá maí fram í ágúst. Veiðisvæði strandveiðibáta eru fjögur og eru leyfi til strandveiða gefin út miðað við heimilisfesti viðkomandi útgerðar. Auk náttúrulegra aðstæðna, veðurs og fiskgengdar á grunnslóð er einungis heimilt að stunda veiðarnar

fjóra daga í viku frá mánudegi til fimmtudags. Hver veiðiferð má ekki standa lengur en í 14 klukkustundir. Veiðarnar eru skilyrtar við veiði með handfærum og afli hvers dags má ekki fara umfram 650 þorskígildi.

Fram til ársins 2018 var áætluðum afla til strandveiða skipt niður á veiðisvæði og mánuði. Þegar viðmiðun hvers mánaðar var náð voru veiðar stöðvaðar. Sá meinbugur var á þeirri stjórnun að spenna hlóðst upp þegar stutt var í lokun svæða. Þótti það bjóða hættunni heim og var því ákveðið að gera breytingar á kerfinu. Jafnframt myndaðist ójafnræði í fjölda daga á milli veiðisvæða.



Við breytingar á strandveiðikerfinu 2018 var horfið frá skiptingu afla á svæði og strandveiðileyfi takmörkuð við 48 veiðidaga, tólf í hverjum mánuði. Breytingarnar gerðu ráð fyrir að sá afli sem var tilgreindur til strandveiða dygði til að tryggja 48 veiðidaga. Veiðiárin 2018 og 2019 gekk það eftir, en á árunum 2020 og 2021 nægði viðmiðunin hins vegar ekki til að mæta afla strandveiðibáta. Þegar ljóst var að sú yrði raunin stöðvaði Fiskistofa veiðarnar 19. ágúst á árinu 2020 og 18. ágúst á árinu 2021 með tilheyrandi ójafnvægi á milli svæða með tilliti til misjafnrar fiskgengdar innan svæða, eftir mánuðum.

Strandveiðar – þorskur	Fjöldi	Viðmið	Afli
2018	548 bátar	10.200 tonn ¹	9.070 tonn
2019	623 bátar	11.100 tonn ¹	9.328 tonn
2020	669 bátar	10.720 tonn ²	10.751 tonn
2021	672 bátar	11.171 tonn ²	11.159 tonn

¹ Af óslægðum botnfiski.

² Upphafleg viðmiðun 10 þúsund tonn.

Þegar litið er til strandveiða undanfarinna ára er ólíklegt að 8.500 tonn tryggi veiðar til ágústloka. Líklegt er að kvótinn dugi aðeins til 20. júlí.

Samkvæmt tölum síðastliðinna fjögurra ára hefur bátum á strandveiðum fjölgað. Margar ástæður liggja þar að baki, m.a. aukið atvinnuleysi meðal landsmanna og samþjöppun aflaheimilda sem hefur aukið eftirspurn eftir veiðiheimildum. Auk þess hefur störfum við fiskveiðar fækkað.

Þar sem aflaviðmiðun dugði ekki á árinu 2020 og miklar líkur voru á áframhaldandi fjölgun báta samfara auknum afla ákvað ráðherra að óheimilt yrði að stunda strandveiðar á árinu 2021 á rauðum dögum, uppstigningardegi, öðrum í hvítasunnu, 17. júní og frídegi verslunarmanna. Þrátt fyrir þær ráðstafanir dugði það ekki til að tryggja veiðar til loka tímabilsins.

Sú hætta er til staðar að fækkun veiðidaga leiði til sams konar spennu og myndaðist í kerfinu fyrir breytingarnar 2018 og 48 daga kerfinu var gert að leysa. Þó að fjölgun „banndaga“ sé óveruleg leggst hún saman við óhagstætt veður og aðstæður hverju sinni. Breytingar þær sem hér eru lagðar til gera ráð fyrir sveigjanleika í viðmiðunarafla til strandveiða. Samkvæmt reglugerð nr. 920/2021 um veiðar í atvinnuskyni er viðmiðunarafli til strandveiða 8.500 tonn af þorski. Verði þörf á að hækka þá viðmiðun kæmi sá afli frá þorskveiðiheimildum almenna byggðakvótakerfisins sem og skel- og rækjuuppbótum fiskveiðiársins 2022/2023. Ekki skal skerða sérstaka byggðakvótann þar sem gildandi samningar kveða þegar á um ákveðið magn, en tekið verður tillit til þróunar strandveiða við endurskoðun samninga.

Skiptir og miklu að Fiskistofa stöðvi ekki veiðar, sbr. 2. másl. 2. mgr. 6. gr. a laga nr. 116/2006, sem ráðherra hefur heimilað á grundvelli bráðabirgðaákvæðisins. Þá skal ráðherra tryggja að flutningsheimild skerði ekki veiðiheimildir dagrórabáta á næsta fiskveiðiári til að tryggja atvinnu og rekstrarafkomu þeirra.